



GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð
1.8.2018

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, móttökustöð og Pernunesi.

2. gr.

Sorpförgunargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2018 er gjaldið kr. 13.682 fyrir förgun á innihaldi hverrar almennrar sorptunnu.

Sorprehreinsunargjald þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2018 er gjaldið kr. 28.828 fyrir hverja almenna sorptunnu.

3. gr.

Frá og með 1. janúar 2018 er aðeins hægt að greiða fyrir gjaldskyldan úrgang á móttöku- og söfnunarstöðum með klippikorti. Heimili í Fjarðabyggð fá úthlutað einu klippikorti á ári en fyrirtæki þurfa að greiða fyrir kortin. Kortið gildir fyrir $4,0 \text{ m}^3$ af gjaldskyldum úrgangi og er því skipt niður í $0,25 \text{ m}^3$ hluta. Gjaldskyldur úrgangur er t.d. blandaður úrgangur, grófur úrgangur og timbur. Úrgangur sem ber úrvinnslugjald svo sem pappi, málmar, plastumbúðir, hjólbarðar, raftæki og spilliefni er gjaldfrjáls.

Vinsamlegast athugið að klippikortin gilda einungis á móttöku- og söfnunarstöðum en ekki á urðunarstað.

Hámarks farmstærð er $2\ m^3$ fyrir alla viðskiptavini söfnunarstöðva Fjarðabyggðar. Stærri farma skal fara með í móttökustöðina á Reyðarfirði.

	kr/kg <i>án VSK</i>	kr/kg <i>með VSK</i>
Klippikort 4m³	8000	9920

4. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi:

	kr/kg án VSK	kr/kg með VSK
Óflokkaður úrgangur:		
<i>Blandaður úrgangur</i>	16,5	20,3
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar		
<i>*Grófur úrgangur</i>	19,6	24,3
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega. Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, veiðarfæri, húsgögn, jarðvegur, steinefni og gler.		



	kr/kg	kr/kg
	án VSK	með VSK
Flokkaður úrgangur:		
<i>Timbur</i>	15,4	19,0
Hvítmálað, plasthúðað og blandað		
<i>Flokkað timbur</i> sem má nýta í landmótun	13,7	16,9
ATH móttaka í móttökustöð á Reyðarfirði		
<i>*Seyra</i>	16,5	20,3
<i>*Fita</i>	16,5	20,3
<i>*Olíumengaður úrgangur</i>	19,6	24,3
<i>*Sóttmengaður úrgangur</i>	19,6	24,3

**Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka*
Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Íslenska gómafélagssins.

5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalta og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.
Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. grein er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.
Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykktum meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2018 eftir birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 1182/2016.

Fjarðabyggð 10. júlí 2018



Samþykkt í bæjarráði 18. júní 2018
Samþykkt í bæjarstjórn 21. júní 2018